



Píramídi kynferðislegs ofbeldis

Kennsluleiðbeiningar

Áætlaður tími: 1 kennslustund

Markmið

- ☐ Skilja hvernig viðhorf, orðræða og „smávægileg“ hegðun getur skapað jarðveg fyrir alvarlegra ofbeldi.
- ☐ Æfa sig í að ræða viðkvæm málefni á virðingarfullan hátt og hlusta á sjónarmið annarra.
- ☐ Átta sig á eigin ábyrgð í að skapa öruggara umhverfi.

Undirbúningur

- ☐ Glærupakkinn sem má opna með því að smella á hlekkinn hér.
- ☐ Litla miða eða blöð fyrir umræður nemenda í hópum.
- ☐ stórt blað eða töflu fyrir hugmyndavinnu

Lýsing

- 1** Opnaðu glærupakkann og taktu nokkrar mínútur í inngang þar sem þú útskýrir að umræðan snúist um virðingu, samskipti og öruggara samfélag. Veittu váviðvörun en upplýsingar um slíkt má finna hér á þessum hlekk. Leggðu áherslu á að enginn þurfi að deila persónulegri reynslu.
- 2** Kynntu píramídann og þegar þú ferð yfir hverja „hæð“, sjáðu til þess að öll skilji orðin. Ræðið sem hópur spurningarnar sem eru á glærunum áður en þú skiptir nemendum upp í minni hópa, 2-3 saman í hóp og farið er í umræðuspurningarnar.

Nemendur eiga að ræða umræðuspurningarnar sem eru á þeirri glæru, punkta niður það helsta hjá þeim áður en þið ræðið svo spurningarnar saman sem hópur og hvað hver hópur ræddi hjá sér.

Þú getur einnig spurt út í:
 - Áhrif hópþrýstings
 - Mikilvægi samþykkis og hvernig það lítur út
 - Hvernig samfélagsmiðlar geta ýtt undir eða dregið úr skaðlegri orðræðu og hvað hlutverk okkar er þar.
Í framhaldinu gætu til dæmis verið að útbúa veggspjöld eða smárit (e.zine).